

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

Reykjavík, 23. apríl 2021

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahaglegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (greiðsludreifing staðgreiðslu og tryggingagjalds, úttekt séreignarsparnaðar), 698. mál.**


Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 15. apríl sl., barst Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) ofangreint mál til umsagnar.

Það atriði í frumvarpinu er varðar lífeyrissjóði er að með 3. og 4. gr. þess er lögð til framlenging á heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi, sbr. nánar VIII. ákvæði til bráðabirgða við lög um skyldutryggingu lífeyrirsréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Umrædd heimild var upphaflega veitt með lögum nr. 25/2020 og var þá tekið fram í umsögn LL um málið að samtökin lýstu sig almennt andsnúin því að veittar séu heimildir til útgreiðslu lífeyrissparnaðar og hefur sú afstaða ekki breyst. Byggist hún á þeim grunni að lífeyrissparnaði er einkum ætlað það hlutverk að standa undir framfærslu sjófélaga eftir starfslok. Vegna þeirra efnahagslegu áhrifa sem kórónuveiran hefur haft á samfélagið og íbúa landsins má hins vegar ætla að sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar hafi nýst fram til þessa og kann framlenging á heimildinni því að gagnast einhverjum þeim einstaklingum sem áfram verða fyrir tekjufalli sökum áhrifa faraldursins.

Í þessu sambandi er vert að taka fram að um er að ræða viðbótarlífeyrissparnað sem er valfrjáls sparnaður og er ákvörðun um úttekt eitthvað sem sérhver einstaklingur metur út frá eigin stöðu.

Með vísan í framangreint lýsa LL sig ekki andsnúin framlengingu heimildarinnar en leggja þó áherslu á að almennt verður að gæta varhugar við slíkar heimildir enda eru þær í andstöðu við þá grundvallar hugsun að lífeyrissparnaður er ætlaður til að tryggja afkomu einstaklinga eftir starfslok.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða  
  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri